

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mýrdalshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlun:

Skammidalur 2, deiliskipulag.

Deiliskipulagið nær yfir 1 ha og gerir ráð fyrir núverandi byggingu á svæðinu auk þess sem skilgreindar eru frekari byggingarheimildir innan þess. Gert er ráð fyrir tveimur lóðum innan svæðisins. Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2023.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Vik í Mýrdal, 11. október 2023.

George Frumuselu, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. október 2023